



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar 2.fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 12. júlí 2007 kl. 09:00

Mættir: Kristján Steingrímsson, Lárus Björnsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Jón Óskar Ferdinandsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Tenging frístundabyggðar við Stórarjóður við veitur sveitarfélagsins.

Á fundi veitnanefndar 6. sept. sl. var tekið fyrir erindi frá eigendum Voga 3 þar sem óskað var eftir tengja frístundahúsasvæði við Stórarjóður við veitukerfi hreppsins. Ekki var hægt að verða við erindinu þá en nýta átti tímann í vetur til úttektar á veitunni svo hægt yrði að svara hvort og þá hvenær af tengingu gæti orðið. Fjarhitun verkfræðistofa var fengin til að vinna úttektina en ekki er búið að skila ástandsskýrslu fyrir hluta af veitunum. Þó hefur verkfræðingur Fjarhitunar sagt að hann telji að hægt sé að bæta þrjátíu húsa frístundabyggð inná veitukerfið án þess að það hafi áhrif á þá sem fyrir eru á lögninni.

Veitnanefnd mælir með því við sveitarstjórn að heimila umbeðna tengingu, einnig leggur nefndin til að veitan leggi á sinn kostnað stofnlögn upp að lóð 15. Þá skuldbindi landeigandi sig til að greiða tengigjöld sem samsvarar fimmtán sumarhúsum (ca 100 m². hvert) að fimm árum liðnum, hafi þau ekki þegar risið. Að öðrum kosti mismun á fjölda þeirra húsa sem risinn verður, upp að fimmtán. Aðrar lagnir leggur veitan á kostnað landeigenda. Allar lagnir tengdar veitunni eru eign veitunnar.

Fleira ekki gert,
fundir slitið

Kristján Steingrímsson,
Lárus Björnsson,
Yngvi Ragnar Kristjánsson